

1872.

7. nóvbr.

saman, hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 13. septbr. þ. á. borið undir úrskurð stjórnarráðsins:

1) hvort fela meg, þegar svo standi á, að lögreglustjórinn búi ekki á verzlunarstaðnum eða í grennd við hann, áreiðanlegum og óvilhðillum manni þar, sem hlutaðeigandi amtmaður skipar til þess, á hendur, að heimta tæð gjald saman, í líkingu við það, sem fyrir er mælt í opnu bréfi 28. desbr. 1836, 9. gr., um tilsjón með skipaskjöllum, eða þá:

2) hvort lögreglustjóri hafi heimild til að veita manni, sem antið hefir sett til þess að rita á skipaskjöl, umboð til að framkvæma störf þau, sem eru samfara heimtingu gjaldsins, á sína ábyrgð.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að það verður að vera komið undir hlutaðeiganda lögreglustjóra sjálfum, að sjá um, að maður, sem hann hefir gefið umboð til þess, í forföllum hans geti heimtað saman gjaldið á hans ábyrgð og hans kostnað, og framkvæmt störf þau, sem þessu eru samfara, og að ekkert er því til fyrirstöðu, að þetta umboð sæ með nefndum skilyrðum veitt þeim manni, sem antið hefir sett, samkvæmt opnu bréfi 28. desbr. 1836, til þess að rita á skipaskjölin¹.

7. nóvbr.

111. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ríkisskuldabréf.

Eftir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 29. apríl f. á., um að löggilda á Íslandi ráðstafanir þær, sem gjörðar hafa verið á seinni árum fyrir hina hluta ríkisins, til þess að koma í lag ríkisskuldunum innanlands, sendi dómsmálastjórnin fjárhagsstjórninni bæði þetta álitsskjal yðar

¹) Sama dag var bréf þetta tilkynnt hinum amtmönnum.

1872.

7. nóvbr.

og álit frá hinum amtmönnunum á Íslandi um málið, jafnframt og vèr gátum þess, hvað örðagt það væri, að gjöra þessar ráðstafanir fyrir Ísland, nema fela mætti á hendur einhverju yfirvaldi þar, og þá sérílagi landfógetanum, vald til að rita ríkisskuldabréf í viðaukadeild við innskriftarbók fjárhagsstjórnarinnar. Í svari sínu lýsti fjárhagsstjórnin því yfir, að hún væri fús til að veita Íslendingum ýms hagræði með tilliti til að rita ríkisskuldabréf í innskriftarbók fjárhagsstjórnarinnar og hafa skipti á þeim, en ekki þóttist hún geta gengið að því, að fela nokkru yfirvaldi þar í landi á hendur, að rita ríkisskuldabréf í viðaukadeild við innskriftarbókina, en þaræð dómsmálastjórnin framvegis varð að álíta, að nema það sè gjört væri eigi æskilegt, að þær ráðstafanir, sem á seinni tímum hafa gjörðar verið til þess að koma í lag ríkisskuldunum innanlands, yrði innleiddar á Íslandi með lögum, hefir fjárhagsstjórnin sleppt þeirri fyrirætlun, að koma þessu til leiðar. Jafnframt þessu hefir tæð stjórnarráð samt sem áður, til þess menn af sjálfsdádum yrði fúsari til að hagnýta þessar ráðstafanir viðvíkjandi ríkisskuldunum, veitt Íslendingum ýms hagræði í þessu efni, sem í raun og veru eru hin sömu, sem hefði orðið samfara því, ef fyrnefnt fyrirkomulag á ríkisskuldunum hefði orðið innleidt með lögum og mönnum gjört að skyldu, að fara eptir því. Fjárhagsstjórnin hefir þannig leyft, að vextirnir af innskriftarskýrteinum, sem Íslendingar kunna að heimta fyrir ríkisskuldabréf, sem eigi verður sagt upp, verði borgaðir mönnum við jarðabókarsjóð Íslands, ef þeir gefa sig undir það, sem fyrir mælt er um tæð ríkisskuldabréf í auglýsing fjárhagsstjórnarinnar 20. septbr. 1859, án þess þeir sýni innskriftarskýrteinin, að svo miklu leyti sem þau eru eign opinberra stofnana eða sjóða (merkt einkunnarstafnum C), eða eru látin til fyrir skuldabréf, sem sett eru að veði til tryggingar opinberum gjaldheimtum (merkt einkunnarstafnum E), en eigi einstakir menn innskriftarskýrteinin (merkt einkunnarstöfunum D og F), verður að leggja þau fram við jarðabókarsjóðinn, til þess ritað verði á þau, að vextirnir sè borgaðir, nema því að eins, að eitt-hvert yfirvald hafi vottað, að borgun vaxtanna sè rituð á skýr-

1872.

7. nóvbr.

teinin í viðurvist þess. Samfara þessu hefir fjárhagsstjórnin látið í ljósi, að landfógeti verði vandlega að hafa gætur á, að þeir, sem að réttu eiga í hlut, kvitti fyrir vöxtu af allskonar innskriftarskýrteinum, og að það sè þeir, sem fjárhagsstjórninni er skýrt frá að eigi að taka við vöxtunum, og má ekki útaf þessu bregða, jafnvel þótt sannað verði fyrir landfógeta, að breyting hafi orðið á viðvíkjandi umráðunum yfir innskriftarskýrteinunum; en þá skal vísa þeim, sem í hlut eigi, til fjárhagsstjórnarinnar, og skulu þeir, ef innskriftarskýrteinin eru orðin eign annars manns, senda þau fjárhagsstjórninni með nægum skilríkjum, og ef þau verða afsöluð öðrum, senda með tilhlýðilega staðfest umboð fyrir þann, sem rita skal undir í innskriftarbókina hjá fjárhagsstjórninni fyrir þeirra hönd.

Ennfremur hefir fjárhagsstjórnin látið það eptir, að senda megi fjárhagsstjórninni gömul ríkisskuldabréf eða rentuklippinga-skuldabréf, til þess þau verði rituð í innskriftarbók, og gömul ríkisskuldabréf án rentuklippinga, til þess skipti verði höfð á þeim, með því móti að þeim verði skilað til landfógetans, þannig, að kostnaðurinn við flutning á þeim milli jarðarbókarsjóðsins og fjárhagsstjórnarinnar greiðist af ríkissjóðnum, og að hann hafi ábyrgðina. Aptur á móti hefir landfógeti engin afskipti af því, þegar menn vilja taka fè út úr innskriftarbókinni, með því eigendurnir sjálfir eða umboðsmenn þeirra með tilhlýðilega heimild verða að koma til fjárhagsstjórnarinnar, til þess að skrifa undir eins og með þarf í innskriftarbókina, og skulu þeir hafa með sèr þau rentuklippinga-skuldabréf, sem þeir vilja fá útborguð. Hið sama er og, ef innskriftarskýrteini eru sett að veði eða leyst úr veði; en ef á að öðru leyti að senda þau fjárhagsstjórninni, til þess að ritað verði á þau vottorð ríkisskulda-forstjórans, og þeim svo skilað aptur, eða þau eru send fjárhagsstjórninni, til þess að höfð verði skipti á þeim fyrir ný innskriftarskýrteini, má gjöra það eins og sagt var á kostnað ríkissjóðsins, með því að senda þau landfógeta áleiðis til fjárhagsstjórnarinnar. Um þá aðferð, sem við höfð verður, þegar landfógeti tekur við skýrteinunum eða hann skilar þeim aptur, hefir fjárhagsstjórnin þar að auki látið í ljósi, að fara megi eins að og sagt er fyrir í bræfi

dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1870¹, um móttöku rentuklippinga-skuldabréfa, til þess að fá nýja rentuklippinga, og um það hvernig þeim verði skilað aptur. 1872.
7. nóvbr.

Um leið og þetta verður yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það landfógeta, og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, skal þess getið, að fjárhagsstjórnin hefir í hyggju að útbyta meðal þeirra manna á Íslandi, sem í höndum hafa skuldabréf með rentuklippingum, sem eigi verður sagt upp, um leið og vextir verða borgaðir úr jarðabókarsjóðnum 11. júní 1873, áskorun, sem prentuð er bæði á Íslenzku og Dönsku, til þeirra, sem í hlut eiga, að þeir sjálfkrafa sendi til fjárhagsstjórnarinnar skuldabréf sín, til þess þau verði rituð í innskriptarbók, eða skipti höfð á þeim fyrir rentuklippinga-skuldabréf. Eptir beiðni tæðs stjórnarráðs skorum vèr á yður, að þér vilið sjá um, að upphæðir þeirra konunglegu skuldabréfa, sem tilheyra sjóðum þeim og stofnunum, sem standa undir yðar stjórn, verði tekin upp í innskriptarbækur fjárhagsstjórnarinnar, og að þér vilið styðja að því, að hið sama smátt og smátt verði gjört, að því leyti er snertir stofnanir í yðar umdæmi, sem eigi beinlínis standa undir yðar stjórn.

112. Reglugjörð um framkvæmdir á auglýsingunni af 26. septbr. 1872 um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis, útgefin af aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn og stiptamtmanninum yfir Íslandi, samkvæmt auglýsingarinnar 18. grein, þann 6. og 24. nóvbr. 1872. 24. nóvbr.

1: grein.

Meðal íslenzkra og danskra pósthúsa skal skiptast bæði bréfa- og sendinga - skrá á, nefnilega:

¹) Tið. um stjórnarmálefni Íslands, III., 94.